

Fimmtudaginn 29. júní 1989.

Nr. 245/1989. **J.L. Völundur hf.**

gegn

Sigurði Viggóssyni.

Kærumál. Áskorunarmál. Frávísunaráritun staðfest.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Benedikt Blöndal og Bjarni K. Bjarnason.

Sóknaraðili hefur samkvæmt heimild í b-lið 1. tl. 1. mgr. 21. gr. laga nr. 75/1973 skotið hinni kærðu dómsathöfn til Hæstaréttar með kæru 13. júní 1989, sem barst Hæstarétti 22. sama mánaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að ákvörðun héraðsdómara um frávísun málsins verði felld úr gildi og lagt verði fyrir hann að taka málið til efnisúrlausnar. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Af hálfu varnaraðila hafa hvorki borist kröfur né greinargerð.

Mál þetta höfðaði sóknaraðili fyrir bæjarþingi Reykjavíkur sem áskorunarmál með áskorunarstefnu, út gefinni 12. janúar 1989 og birtri 1. febrúar 1989. Í stefnunni segir m.a.: „Skuld þessi er viðskiptaskuld stefnda við stefnanda og er skv. reikningi, dags. 23.9. 1987, að fjárhæð 14.971,00 kr. Samið var um, að skuldin bæri dráttarvexti frá dags. reiknings.“

Málið var þingfest á bæjarþingi Reykjavíkur 7. febrúar 1989. Af hálfu varnaraðila var þá ekki sótt þing, og var málið að svo búnu tekið til áritunar að kröfu sóknaraðila. Málið var síðan endurupptekið 6. júní 1989 og tekið til áritunar að nýju, án þess að ný gögn væru fram lögð.

Hinn 9. júní 1989 var málinu vísað frá bæjarþingi Reykjavíkur með svofelldri áritun Unnar Gunnarsdóttur, fulltrúa yfirborgardómarans í Reykjavík:

„Stefnandi kveður hina umstefndu kröfu vera „viðskiptaskuld stefnda við stefnanda“ skv. tilteknum reikningi. Því til sönnunar leggur hann fram tölvuútskrift, sem ekki ber með sér, frá hverjum stafar. Á þeirri tölvuútskrift stendur nafn stefnda og heimilisfang. Þar stendur einnig dagsetning, orðið „reikningur“ og fjárhæð, sem er í samræmi við það, sem stendur í stefnu. Engin frekari grein er gerð fyrir lögskiptum aðila.

Mál þetta var upphaflega þingfest og tekið til áritunar 7. febrúar 1989. Hinn 6. júní sl. var málið síðan endurupptekið að ósk lögmanns stefnanda, þar sem dómari hafði skorað á hann að leggja fram hinn umstefnda reikning. Málið var sama dag tekið til áritunar að nýju, án þess að þessara gagna hefði verið aflað og þau lögð fram. Þykir því verða með vísan til 105. gr., sbr. 116. gr., laga nr. 85/1936, að vísa máli þessu frá dómi ex officio.

Málskostnaður dæmist ekki.

Máli þessu er vísað frá dómi ex officio.“

Sóknaraðili hefur ekki lagt fram reikning yfir þá kröfu, sem hann telur varnaraðila skulda, þrátt fyrir áskorun dómara. Sóknaraðili hefur ekki heldur gert neina grein fyrir þeim viðskiptum, sem hann telur, að „viðskiptaskuld“ varnaraðila byggist á. Vegna þessa annmarka var það rétt niðurstaða hjá héraðsdómara að vísa máli þessu frá dómi, og ber að staðfesta hina kærðu dómsathöfn.

Krafa um kærumálskostnað verður ekki tekin til greina.

D ó m s o r ð:

Hin kærða frávísunaráritun er staðfest.

Kærumálskostnaður fellur niður.
